

7/5. Eldur kemur upp í verksmiðju Fiskimjöls og Lýsis h.f. í Grindavík. Munu vélar verksmiðjunnar hafa eyðilagzt að mestu. — Samvinnu-tryggingar efna til hugmyndasamkeppni um úrbætur í umferðamálum. Tvenn verðlaun verða veitt, kr. 7.000,00 og kr. 3.000,00. Tjón af völdum bifreiða nema nú 20 millj. króna á ári.

12/5. SÍS og Oliufélagið hafa nýlega gert samning við norskt skipafélag um kaup á stóru oliuflutningaskipi. Skipið er 16.730 lestir dw. að stærð og smíðað í Þýskalandi 1952. — Sameinuðu þjóðirnar munu á næsta ári bjóða 20 ungum konum og körlum til námsdvalar í aðalstöðvunum í New York.

14/5. Stýrimannaskólanum var sagt upp 11. maí s.l. að viðstöddum nokkrum af eldri nemendum skólans. 50 nemendur brautskráðust úr skólanum, þar af 21 farmaður, en alls voru nemendur í vetur 124.

16/5. Ungur Íslendingur, Guðmundur Guðmundsson, hélt nýlega málverkasýningu í Milanó á Ítalíu, og mun það vera fyrsta sjálfstæð sýning íslenzks listamanns þar í landi. — Stofnað hefur verið nýtt togarafélag g Ísafirði, og nefnist það Hafrafell h.f. Stofnendur eru nokkur fyrirtæki og einstaklingar.

18/5. Ung íslenzk kona, frú Ásgerður E. Búadóttir, hlaut gullverðlaun á alþjóðlegri sýningu listiðnaðar, sem haldin var í München í Þýskalandi.

23/5. Lithoprent mun innan skamms hefja ljósprentun ýmissa fornrita, sem mikil eftirspurn hefur verið eftir. — Hvalveiði er nú hafin frá veiðistöðinni í Hvalfirði og ganga þaðan fjórir hvalveiðibátar til veiða eins og undanfarin sumur.

25/5. Íslenzkir vísindamenn munu gera viðtækar sjó-, svif- og síldarannsóknir í sumar umhverfis landið allt og langt norður og austur í haf. Verður varðskipið Ægir notað í leiðangursferðina. — Liðin eru 10 ár frá því Íslendingar hófu reglupundið millilandaflug. — Fiskafliinn fimm

INNLENDAR



fyrstu mánuði ársins var 20 þúsund tonnum minni en á sama tímabili í fyrra.

30/5. Norrænt leiklistarþing haldið í Reykjavík 3.—8. júní og eru 30 erlendir fulltrúar væntanlegir hingað í því sambandi. — Sjómannadagurinn haldinn hátíðlegur í 19. sinn um land allt. — Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samþykkt að kaupa nýjan togara, og hafa samvinnu við tvo aðra bæi á Austurlandi um kaup og rekstur togarans.

8/6. 25 skipstjórar á fiskibátum frá Reykjavík og skipshafnir þeirra hafa gefið 8 þúsund krónur til stofnunar sjóðs til styrktar dvalargestum á Dvalarheimili aldraðra sjómanna. — Gerðir hefur verið viðskiptasamningur milli Íslands og Brazílíu, og munu brazílísk stjórnarvöld leyfa innflutning á verkuðum saltfisk fyrir allt að 36,5 millj. króna á ári.

13/6. Bjarni Ásgeirsson, sendiherra Íslands í Osló, látinn, tæplega hálfjötugur að aldri. — Til uppbots kom í fangahúsinu við Skólavörðustíg. — Elzta og stærsta veiðarfæra-verzlun landsins, Verzlun O. Ellingsen, 40 ára í dag. — Ákveðið hefur verið að smíða 800 lesta togara fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur og kemur hann í stað b.v. Jóns Baldvinssonar.

20/6. Síldarútvegsnefnd hefur ákveðið að lágmarksverð á fersk síld, sem veidd verður norðan og austan lands í sumar, skuli vera 120 kr. fyrir uppmælda tunnu, en 162 kr. fyrir uppsaltaða tunnu.

22/6. Væntanlegur hingað til lands frægur spánskur ballettflokkur, Rosario-ballettinn, sem halda mun að

Fréttir...

minnsta kosti sex sýningar hér í Þjóðleikhúsinu. — Svonefnt „Vikingamót“ verður haldið hér á landi í sumar. Sækja það vísinda- og menntamenn, sem vinna að rannsóknnum á Vikingatímabilinu, og er þetta þriðja mótið, sem stofnað er til.

27/6. Fyrsta síld sumarsins berzt til Siglufjarðar, og eru veiðihorfur miklum mun betri nú en mörg undanfarin sumur. — Eldur kom upp í mjölgeymslu fiskimjölsverksmiðjunnar á Kletti, og brann húsið mjög mikið ofan til og urðu skemmdir mjög miklar af eldi og vatni. — Skreiðarframleiðslan á árinu nemur nú um 37,5 þús. lestum, en freðfiskframleiðslan 27,5 þús. lestum og er þetta nokkru meira en á s.l. ári. — 15 stiga hiti í Reykjavík og 18 stig á Þingvöllum. — Dr. Hermann Einarsson fiskifræðingur telur, að breytingar eigi sér nú stað á síldveiðisvæðinu fyrir norðan og að nú hafi orðið vart síldar á miðunum, sem ekki varð vart undanfarin ár.

28/6. Byrjað að salta á Siglufirði og salta síldarsaltendur á eigin ábyrgð, þar eð söltun hefur enn eigi verið leyfð.

29/6. Dauðaslys varð á Grímstaðaholti. Valdimar Össurarson kennari varð fyrir bifreið og var látinn þegar komið var með hann á slysavarðstofuna. — Landsleikur fór fram milli Íslendinga og Finna í Helsinkí og unnu Finnar með 2:1. Voru Finnar taldir hafa yfirburði í leiknum. — Bjarni Lúðvíksson, 11 ára að aldri, hefur safnað 1000 kr. og gefið Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Er það til minningar um móðurbróður hans, Bjarna Þorvaldsson, sem fórst með e.s. Heklu 29. júní 1940.